



5. október 2020

Til Hestamannafélagsins Spretts

Vegna skeiðkappreiðna á Metamóti Spretts dags. 4. til 6. sept. sl. hefur stjórn LH tekið til umfjöllunar framkvæmd þeirra. Svo virðist sem ákveðnir vankantar hafi verið á framkvæmdinni og eru þeir eftirfarandi:

- Sama keppnispar keppti bæði í 150 og 250 metra skeiði.
- Yfirdómari í kappreiðum var ekki með íþróttadómararéttindi.
- Einnig hafa komið athugasemdir varðandi framkvæmd ræsingar.

Í ljósi þessa er það okkar spurning til ykkar mótshaldara hvort þið hafið ætlað að hafa kappreiðahluta mótsins sem löglega keppnisgrein.

Einnig þykir stjórn LH miður að ekki var farið í öllu eftir þeim sóttvarnarreglum sem hestamannafélög hafa skuldbundið sig til að fylgja.

Stjórn LH óskar eftir mati mótshaldara á áðurnefndum atriðum.

Mikilvægt er að búa þannig um hnútana að öll okkar mót séu innan þess ramma sem við viljum vinna eftir og trúverðugleiki okkar sem íþróttagreinar og samtaka byggir á.

Samstaða, samvinna og góð vinnubrögð er okkur öllum til hagsbóta.

f.h. stjórnar LH

Láraus Ástmar Hannesson